Nr. 1159 19. desember 2014

# REGLUGERÐ

**um (5.) breytingu á reglugerð nr. 313/2013 um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í lyfjakostnaði.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglugerðarinnar:

a. Á eftir 1. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Gjald sjúkratryggðs vegna kaupa á lyfjum verður hlutfallsgjald og þrepaskipt eftir uppsöfnuðum lyfjakostnaði sjúkratryggðs, sbr. 29. gr. laga um sjúkratryggingar.

b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein svohljóðandi:

Veiti lyfjabúð sjúkratryggðum afslátt frá greiðsluþátttökuverði skal tilkynna Sjúkratryggingum Íslands um afsláttinn og reiknar stofnunin gjald sjúkratryggðs miðað við þrepastöðu viðkomandi.

c. Í stað „24.075 kr.“ í 1. og 2. málsl. 4. mgr. kemur: 22.000 kr.

d. Í stað „24.075 kr.“ í 1. tölul. 4. mgr. kemur 22.000 kr. og í stað „96.300 kr.“ kemur: 87.000 kr.

e. Í stað „96.300 kr.“ í 2. tölul. 4. mgr. kemur: 87.000 kr.

f. Í stað „69.416 kr.“ í 5. mgr. kemur: 62.000 kr.

g. Í stað „16.050 kr.“ í 1. og 2. málsl. 6. mgr. kemur: 14.500 kr.

h. Í stað „16.050 kr.“ í 1. tölul. 6. mgr. kemur: 14.500 kr. og í stað „64.200 kr.“ kemur: 57.000 kr.

i. Í stað „64.200 kr.“ í 2. tölul. 6. mgr. kemur: 57.000 kr.

j. Í stað „46.277 kr.“ í 7. mgr. kemur: 41.000 kr.

2. gr.

4. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. reglugerðarinnar:

a. Í stað „39 kr.“ í 2. tölul. 2. mgr. kemur: 40 kr.

b. Í stað „38 kr.“ í 3. tölul. 2. mgr. kemur: 39 kr.

c. Í stað 3. mgr. koma tvær málsgreinar, svohljóðandi:

Hagkvæmustu pakkningar í flokknum M 05 B eru metnar út frá verði á skilgreindum dagskammti í pakkningu og taka sjúkratryggingar þátt í greiðslu þeirra pakkninga sem innihalda dagskammta á greiðsluþátttökuverði: 47 kr. eða lægra.

Hagkvæmustu pakkningar í flokknum N 05 A eru metnar út frá verði á skilgreindum dagskammti í pakkningu skammtaðra lyfjaforma og taka sjúkratryggingar þátt í greiðslu þeirra pakkninga sem innihalda dagskammta á greiðsluþátttökuverði: 605 kr. eða lægra.

4. gr.

1. tölul. 8. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Í lausasölulyfjum sem lyfjagreiðslunefnd hefur ákveðið að veita almenna greiðsluþátttöku. Miðað er við stærstu pakkningar til nota í langtímameðferð. Ef þeim er ávísað með lyfseðli, þá er greitt skv. 4. gr.

5. gr.

Á eftir orðinu „göngudeild“ í lok 1. mgr. 15. gr. kemur: eða dagdeild og inniliggjandi sjúklingum á heilbrigðisstofnunum.

6. gr.

Á eftir orðunum „laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum“ í fyrri málsl. 18. gr. reglugerðarinnar kemur: og 43. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, með síðari breytingum.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 25. gr., 1. mgr. 29. gr. og 55. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum, og 43. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2015.

*Velferðarráðuneytinu, 19. desember 2014.*

**Kristján Þór Júlíusson**
heilbrigðisráðherra.

*Sveinn Magnússon.*